

Fundargerð 274. stjórnarfundar Stjórnvísí

Dags.fundar: 14.ágúst 2018	Tími: 11:45-13:00	Nr. fundar: 274
Fundarboðari: ÞMÓ	Fundarritari: GA	Staður: Kynnisferðir

- Dagskrá: Trello: Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna)
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí.
- Önnur mál

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Berglind Björk Hreinsdóttir, Gyða Björnsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Kristján Geir Gunnarsson, Jón Gunnar Borgþórsson, Sigríður Harðardóttir og Þórunn María Óðinsdóttir.

Fjarverandi: Guðjón Örn Helgason, Jón S. Þórðarson.

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

- **Trello:** Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna). Þórunn M. Óðinsdóttir formaður Stjórnvísí kynnti og innleiddi nýtt fyrirkomulag stjórnar Trello borð. Allir stjórnarmenn sem mættu á fundinn eru komnir með aðgang og gerir Trello borðið allt starf stjórnar sýnilegra og einfaldara. Trello borð stjórnar er sett upp í sex dálka: Plan Do Check/Act verklok, Árangur, Árleg verkefni og áhersluverkefni og Önnur verkefni. Farið var yfir að þróa formið áfram og var vistunarstaður gagna ákveðinn. Það sem farið var yfir á fundinum í Trello borðinu var:
 - Fundur með stjórnnum faghópa verður haldinn í Nauthól og er dagskrá tilbúin. Nokkrar stjórnir eru nú þegar búnar að senda inn drög að dagskrá fyrir veturinn 2018-2019.
 - Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí verða með sama sniði og verið hefur undanfarin ár.
 - Íslenska ánægjuvogin verður kynnt um mánaðarmótin jan/feb og er nú alfarið í eigu Stjórnvísí. Borin var fram tillaga að stjórn Íslensku ánægjuvogarinnar.
 - Þema haustráðstefnu verður tengd nýjasta faghópi félagsins "Framtíðarfræði".
 - Mælingar á starfsemi félagsins eru áfram í þróun þ.e. mælaborð.
 - Rýni á heimasíðu er hafin.
- **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.**
 - Staða félagsins er í samræmi við endurskoðaða áætlun.

- Önnur mál
 - Önnur mál rædd lítillga.